

Reglur um útgáfu Tímarits um menntarannsóknir (TUM)

1. Félag um menntarannsóknir (FUM) er útgefandi TUM og er fjárhagslega ábyrgt fyrir útgáfunni.
2. Félagsgjöld standa undir útgáfunni og er ritið félögum FUM endurgjaldslaust hafi þeir greitt árgjald til FUM.
3. Stjórn FUM skipar ritstjórn sem í eru 4-5. Stefnt er að því að hver ritstjórnarmeðlimur sitji í 2-3 ár í senn og að aðeins sé skipt um 2-3 ritstjórnarmeðlimi hverju sinni til þess að tryggja samfellu í störfum ritstjórnar. Þeir sem hug hafa á því að sitja í ritstjórn gefi sig fram við formann eða stjórnarmann FUM.
4. Stefnt er að því að helstu menntastofnanir í landinu á sviði menntarannsókna eigi fulltrúa í ritstjórn og að ritstjórn hafi á að skipa sérfræðingum á ólíkum sviðum menntarannsókna, í mismunandi aðferðafræði og sérfræðingum í ólíkum skólástigum. Einnig skal stefnt að því að þeir sem hagnýta sér rannsóknir á viði menntamála, svo sem stjórnendur, kennarar og stefnumótendur eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í ritstjórn hverju sinni.
5. Ritstjórn annast útgáfu eins tölublaðs tímaritsins árlega og kemur það út fyrir lok nóvember. Prentað upplag samsvarar fjölda félaga í FUM auk fastra áskrifenda og áætlaðs fjölda annarra kaupenda.
6. Verkaskipting stjórnar FUM og ritstjórnar er svofelld:
 - a. Ritstjórn starfar í umboði stjórnar FUM og er ábyrg gagnvart stjórninni.
 - b. Stjórn FUM setur tímaritinu stefnu að tillögu ritstjórnar.
 - c. Ritstjórn setur sér starfsreglur.
 - d. Ritstjórn er ein ábyrg fyrir öflun efnis og mati og vali á efni til birtingar í tímaritinu. Hún ræður ein framsetningu og skipan efnis í tímaritinu.
 - e. Ritstjóri kallar eftir greinum í ritið, ræður prófarkalesara og umbrotsmann, útlitshönnuð og prentsmiðju til verka.

- f. Ritstjóri er ábyrgur fyrir því að gengið sé í einu og öllu frá texta efnis áður en ritinu er komið í umbrot. Ritstjóri les fyrstu próförk og síðustu próförk eftir umbrot.
- g. Umbrotsmaður vinnur undirbúning fyrir prentsmiðju og er tengiliður við prentsmiðju.
- h. Gjaldkeri stjórnar FUM heldur skrá yfir áskrifendur, innheimtir áskriftargjöld, greiðir reikninga vegna tímaritsins og sér um uppgjör vegna þess.
- i. Stjórn eða aðilar sem hún tilnefnir vinna að öflun nýrra áskrifenda.
- j. Umsjónarmaður vefsíðu FUM sér um kynningu á ritinu á vefsíðunni.

Með gildistöku þessara reglna falli úr gildi Starfsreglur fyrir Tímarit um menntarannsóknir sem samþykktar voru á aðalfundi FUM árið 2007.

F. h. stjórnar FUM

Amalía Björnsdóttir, formaður

Samþykkt á fundi stjórnar Félags um menntarannsóknir 25. febrúar 2009